



Alþingi  
Erindi nr. P / 38/2634  
komudagur. 16. 2010

# Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri 1. júní 2010.

Efni: umsögn um frumvarp til laga um afnám laga um orlof húsmæðra nr. 53/1972, með síðari breytingum.

Með tölvubréfi, dags. 19. maí 2010, óskaði félags- og tryggingamálanefnd eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um afnám laga um orlof húsmæðra nr. 53/1972 með síðari breytingum, 77. mál, þskj. 77, 138. lþ.

Jafnréttisstofa tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í greinargerð með frumvarpinu að eðlilegt sé nú að afnema löggin um orlof húsmæðra. Þau voru mikil réttarbót fyrir heimavinnandi húsmæður á sínum tíma, en vegna breyttra þjóðfélagsaðstæðna, þar sem lang flestar konur vinna utan heimilis og eiga rétt á orlofi, þykir ekki lengur rétt að halda í þessi lög og þau samrýmast illa nútímaviðhorfum um jafnræði og jafnrétti kynjanna. Ef löggin um orlof húsmæðra gætu með einhverju móti talist vera sértæk aðgerð til þess að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði þá væri réttlætanlegt að halda í þau. Ekki verður séð að svo sé.

Því skal haldið til haga að fullu jafnrétti kynjanna hefur ekki verið náð á íslenskum vinnumarkaði, þótt ýmislegt hafi áunnist, og ber þar að nefna kynbundinn launamun sem er viðvarandi og algerlega ólíðandi. Nauðsynlegt getur verið að grípa til sértæka aðgerða til þess að úrtýma þeirri mismunun sem hefur viðgengist um ómunatíð.

Jafnréttisstofa telur rétt að áréttu að Jafnréttisstofa kveður ekki upp úrskurði um það hvort jafnréttislög hafi verið brotin í tilteknu tilviki. Það gerir kærunefnd janréttismála. Kærum er heldur ekki beint til Jafnréttisstofu heldur til kærunefndarinnar. Um þetta virðist vera misskilningur í greinargerðinni, sjá bls. 2.

Virðingarfyllt

f. h. Jafnréttisstofu

Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur